

Afnám framlags til jöfnunar fasteignaskatts

Tilfni

Um nokkurt skeið hefur verið umræða um að einfalda regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Til þess eru án efa mikil tækifæri en málið er þó í eðli sínu háþólitískt og allar breytingar sem gerðar eru hafa mikil áhrif á innbyrðis skiptingu þeirra fjármuna sem renna á hverju ári í gegnum sjóðinn. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í þessu minnisblaði er fjallað um afmarkaðan þátt málsins, sem er að í 5. gr., sem fjallar um sérstök framlög, er ekki gert ráð fyrir framlagi sem kveðið er á um í d-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Umrætt ákvæði er svohljóðandi:

Til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30,1% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. a. Framlag samkvæmt þessum lið skal greiða þegar afskrifað endurstofnverð fasteigna í sveitarfélagi, annarra en sumarbústaða, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna sveitarfélaga sem eru í viðmiðunarflokki a skv. 12. gr., er hærra en fasteignamat sömu fasteigna. Skal framlagið nema mismuninum, margfölduðum með álagningarprósentu fasteignaskatts viðkomandi sveitarfélags, á því ári þegar framlagið er ákveðið.

Á yfirstandandi ári er áætlað að úthlutuð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fasteignaskattsjöfnunar verði um 6.500 milljónir króna. Þetta framlag hefur verið greitt til sveitarfélaga algerlega óháð öðrum jöfnunarframlögum.

Afleiðingar þess að fasteignaskattsjöfnunarframlag er lagt niður verða með ýmsu móti fyrir sveitarfélög:

- Sveitarfélög sem koma vel út í nýju jöfnunarlíkani Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga munu ekki finna fyrir tekjufalli og einhver þeirra munu fá auknar tekjur við það að 6.500 milljónir króna bætast við það fé sem jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga.
- Sveitarfélög sem reiknast með lága eða jafnvel enga þörf fyrir jöfnunarframlög munu hins vegar tapa tugum og í sumum tilvikum hundruðum milljóna á ári vegna breytingarinnar. Í flestum tilvikum hafa sveitarfélögin ekki augljós tækifæri til að hagræða í rekstri til að veða á móti svo miklu tekjutapi. Möguleikar til að afla nýrra tekna eru sömuleiðis takmarkaðir.
- Sveitarfélög sem bregðast við breytingunni með því að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-flokki (íbúðarhúsnæði) í lögbundið hámark geta mögulega innheimt skatttekjur sem nema nálægt því sem þau tapa við fyrirhugaða lagabreytingu.
- Framangreint myndi leiða til stóraukinna fasteignaskatta í hluta sveitarfélaga, sem kalla mætti skattþíningu. Þar sem álögur á íbúa í öðrum sveitarfélögum munu lítið breytast hljóta að vakna alvarlegar spurningar sem snúa að jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.
- Líkur eru þó jafnframt á að jöfnunarlíkanið refsí þeim sveitarfélögum fyrir aukningu skatttekna með því að jöfnunarframlög lækki á móti um allt að 80% af tekjuaukningunni.

- Að áliti undirritaðs er þörf á nánari greiningu á fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins á sveitarfélög. Í 6. kafla skýringa með frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er engin tilraun gerð til að greina framangreind áhrif, sem gefur tilefni til umræðu um hvaða kröfur væri rétt að gera til mats á áhrifum frumvarps á sveitarfélögin.

Rök fyrir brottfalli fasteignaskattsjöfnunar

Varðandi svonefnd fasteignaskattsjöfnunarframlög er sennilega óumdeilt að umtalsverðir vankantar eru á fyrirkomulaginu eins og það er í dag. Þyngst vegur sennilega að með árunum verður sífellt torveldara að viðhalda upplýsingagrunni til að hægt sé að reikna út framlögin.

Fleiri ástæður eru þó tíndar til í frumvarpinu (sjá kafla 3.6 í greinargerð með frumvarpinu) og í skýrslu starfshóps sem birt var með frumvarpinu í samráðsgátt:

1. Forsendur framlagsins hafa breyst verulega síðan það var tekið upp. Upphaflegt markmið framlagsins var að sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins gætu lækkað fasteignaalögur á íbúa og fyrirtæki en fyrir liggur að það er ekki raunin í dag.
2. Auk þess er erfitt að viðhalda eldri álagningarstofni sem er ein af aðalforsendum í útreikningum framlagsins og gagnrýnt hefur verið að framlagið dragi úr hvata til að lækka álagningarhlutfall og sé í raun skattahvetjandi.
3. Jafnframt hefur verið bent á að æskilegra væri að markmið framlaga Jöfnunarsjóðs væri að jafna tekjur sveitarfélaga frekar en að jafna tekjutap vegna lagasetningar sem samþykkt var um aldamótin eins og á við um núverandi fasteignaskattsframlag. Er því ljóst að mjög nauðsynlegt er að gera breytingar á framlaginu.
4. Með því að fella niður framlag sem miðast eingöngu við einn tekjustofn sveitarfélaga og horfa þess í stað á heildartekjuöflunarmöguleika þeirra aukast líkurnar á að jöfnuður milli sveitarfélaga náist.

Fyrirvarar og athugasemdir við ofangreint

Undirritaður hefur ekki gögn í höndum til að leggja vandað mat á allar ofangreindar fullyrðingar sem koma fram í kafla 3.6 í greinargerð með [frumvarpi](#) til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En um a.m.k. sumar þessara forsendna má efast umtalsvert. Væri að lágmarki eðlileg krafa að umhverfis- og samgöngunefnd kalli eftir gögnum sem styðja framangreindar fullyrðingar.

- Þar gæti einkum verið um að ræða greiningar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sem annast fasteignamat og álagningargrunn fasteignaskatta, um hvort upplýsingar séu til staðar sem styðji við fullyrðingar 1 og 2 að ofan.
- Einnig gæti verið gagnlegt fyrir þingnefndina að kalla eftir sýnidæmum um þróun álagningar fasteignaskatts á t.d. einbýli og fjölbýli af dæmigerðri stærð í ólíkum sveitarfélögum til að leggja dóm á hvernig álagning hefur þróast yfir 20 ára tímabil. Þau dæmi mætti jafnframt skoða til að leggja dóm á áhrif þess að fella framlag til jöfnunar tekna sveitarfélaga af fasteignaskatti alveg niður.

Að áliti undirritaðs er skýringum með frumvarpinu enn mjög ábótavant um á hvern hátt forsendur hafi breyst sem réttlæti það að afnema þetta fyrirkomulag á meðan í gildi er samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um núverandi framkvæmd. Og enn síður er skýrt nógu

vel hvaða úttekt hafi farið fram á því hvort aðrar leiðir hafi verið mögulegar til að ná sama markmiði gagnvart sveitarfélögum og íbúum þeirra sem hafa notið góðs af framlaginu í rúmlega 20 ár.

- Rétt væri að þingnefndin kalli eftir nánari skýringum á því hvers vegna ekki er rakin tilurð og markmið fasteignaskattsjöfnunar í skýringum með frumvarpinu og í skýrslu starfshóps um endurskoðun regluverks jöfnunarsjóðs, eins og augljóst tilefni hefði verið til.
- Jafnframt ætti þingnefndin að kalla eftir skýringum á því hvaða aðrar leiðir væru mögulegar en að fella framlagið alveg niður.

Markmið framlags um jöfnun tekna sveitarfélaga af fasteignaskatti

Sérstaklega þarf að hafa í huga að þessi tiltekna millifærsla skatttekna frá ríki til sveitarfélaga hefur frá upphafi verið hugsuð sem ívilnun til fasteignaeigenda á landsbyggðinni. Áætlað tekjutap sveitarfélaga á landsbyggðinni við það að álagningargrundvelli fasteignaskatts var breytt var 1.100 milljónir króna á ári. Jöfnunarframlaginu var ætlað að mæta því tekjutapi og var því ekki um að ræða nýjar tekjur fyrir sveitarfélögin heldur kom framlagið í stað tekna sem þau hefðu ella fengið með hærri fasteignaskatti. Þeir sem raunverulega nutu góðs af framlaginu voru því fasteignaeigendur, sem ella hefðu þurft að greiða allt að tvöfalt hærri fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði.

Erfitt er að sjá að ef frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verður að lögum verði fyrirkomulag jöfnunar gengsærra, a.m.k. hvað þennan þátt starfsemi sjóðsins varðar. Sveitarfélög sem hafa reitt sig á þessar tekjur frá sjóðnum munu sennilegast ekkert vita um hvað þau fá framvegis úr sjóðnum vegna fasteignaskattsjöfnunar enda verður hún ekki lengur þáttur í regluverki sjóðsins. Sveitarfélög sem hafa orðið fyrir skerðingum á jöfnunarframlögum hafa samt fengið framlög vegna fasteignaskattsjöfnunar en þau munu flest eða öll tapa þessum tekjum að fullu. Hér má sem dæmi nefna eftirfarandi sveitarfélög miðað við upplýsingar í [ársskýrslu jöfnunarsjóðs fyrir árið 2022](#):

Sveitarfélag	Fasteignaskattsjöfnun	Heildarframlag
Suðurnesjabær	101,7 m.kr.	1.123,6 m.kr.
Stykkishólmsbær	60,1 m.kr.	485,3 m.kr.
Bláskógabyggð	151,5 m.kr.	350,3 m.kr.
Fjarðabyggð	341,7 m.kr.	1.034,4 m.kr.
Hrunamannahreppur	53,4 m.kr.	207,6 m.kr.
Vestmannaeyjabær	157,7 m.kr.	610,5 m.kr.
Akraneskaupstaður	128,2 m.kr.	1.009,6 m.kr.

Nokkur ofangreindra sveitarfélaga sjá fram á verulega tekjuskerðingu verði frumvarpið lögfest. Afnáam fasteignaskattsjöfnunar skýrir stóran hluta þeirrar skerðingar.

Forsagan

Tilfni er til að rifja upp ástæður þess að sjóðurinn greiðir út framlag til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja.

Í skýringum við frumvarpið sem nú er til umsagnar er vísað til þess að þetta fyrirkomulag komi inn í tekjustofnalögin árið 2002. Það er reyndar ekki alveg nákvæmt því þessi breyting kemur fyrst inn í lögin [með l. nr. 144/2000](#).

Að baki þeirri lagabreytingu sem gerð var 2002, og vísað er til í frumvarpinu liggur [samkomulag](#) milli ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002. Í samkomulaginu frá 2002 er vísað í samkomulag sem varð í nefnd um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga, sem var grundvöllur laga nr. 144/2000, sbr. eftirfarandi orðalag í umræddu samkomulagi:

Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa farið yfir þau ágreiningsmál sem uppi hafa verið milli aðila í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja sem lögfestar voru í árslok 2000. Afstaða ríkisins hefur verið sú að fullt samkomulag hafi verið um það á þeim tíma að til grundvallar sérstöku framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þá var lögfest samhliða breytingum á álagningarstofni fasteignaskatts skyldi lagt áætlað tekjutap sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins miðað við álagningu skattsins árið 2000, eða 1.100 milljónir króna. Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið sú að hækkanir sem orðið hafa á fasteignamati í Reykjavík frá því að umræddar breytingar voru gerðar hafi leitt til þess að hinn markaði tekjustofn hafi ekki dugað til þess að gera sveitarfélögin jafnsett og fyrir breytingarnar og beri því að hækka framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Aðilar eru sammála um að leysa úr ágreiningi sínum um þetta mál með eftirfarandi hætti:

- a) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær sérstakt aukaframlag á fjárukalögum 2002 að fjárhæð 260 m.kr. sem verja skal til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna.
- b) Framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samkvæmt 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga hækkar frá 1. janúar 2003 úr 0,64 % í 0,72 % af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Með hækkun framlaga samkvæmt a) og b) lið hefur framangreindur ágreiningur aðila verið að fullu leystur og eru aðilar sammála um að framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna einstakra sveitarfélaga verði ekki endurskoðað frekar þrátt fyrir breytingar sem verða kunna á fasteignamati eða skatttekjum ríkissjóðs frá ári til árs.

Að áliti undirritaðs staðfestir framangreint samkomulag að markmið samningsaðila, og þá sveitarfélaga sérstaklega, var að bæta sveitarfélögum að fullu reiknað tekjutap þeirra sem nemur mismun á því að leggja á fasteignaskatta miðað við fasteignamat á hverjum tíma, sem byggir á reiknuðu markaðsverði fasteigna, og reiknuðum álagningarstofni sem miðaðist við raunverð sambærilegra fasteigna í Reykjavík.¹

¹ Sjá nánar orðalag í tillögum tekjustofnanefndar: *Gangi framangreind breytingartillaga eftir er ljóst að sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðis munu verða af skatttekjum sem nema um 1,1 milljarði. Þessu þarf að mæta með auknu framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð þannig að framlag ríkisins sem nú nemur 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs til sjóðsins af beinum og óbeinum sköttum hækki sem nemur þessari fjárförf. Nefndin leggur áherslu á að*

Undirrituðum er ekki kunnugt um að gert hafi verið nýtt samkomulag um að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Er því eðlilegt að sveitarfélög sem verða fyrir tekjuskurðingu við lagabreytinguna hafi a.m.k. mjög skýra fyrirvara um lögmæti lagasetningarinnar.

Loks má benda á að í skýrslu nefndar um heildarendurskoðun jöfnunarsjóðs frá árinu 2010 eru færð rök fyrir því að samningar milli ríkis og sveitarfélaga feli í sér ákveðnar takmarkanir varðandi það að sameina framlög í einn pott. Sambærilega umfjöllun er ekki að finna í frumvarpinu nú.²

Markmið fasteignaskattsjöfnunar

Í gildandi lögum kemur skýrt fram að tiltekinn hluti af tekjum sjóðsins er ætlaður til þessarar sérstöku jöfnunar, eða allt að 30% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 8. gr. a. Hér er um verulega fjárhæð að ræða eða í kringum 6.500 milljónir króna á yfirstandandi ári, og er ljóst að framlagið er eingöngu í þágu tiltekins hóps sveitarfélaga, sbr. d-lið 11. gr. tekjustofnalaga:

Framlag samkvæmt þessum lið skal greiða þegar afskrifað endurstofnverð fasteigna í sveitarfélagi, annarra en sumarbústaða, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna sveitarfélaga sem eru í viðmiðunarflokki a skv. 12. gr., er hærra en fasteignamat sömu fasteigna. Skal framlagið nema mismuninum, margfölduðum með álagningarprósentu fasteignaskatts viðkomandi sveitarfélags, á því ári þegar framlagið er ákveðið.

Í skýringum við 1. gr. [frumvarps](#) sem varð að lögum nr. 144/2000 um br. á tekjustofnalögum, segir um tilgang þessa ákvæðis:

Í greininni er gert ráð fyrir að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi sem tíðkað hefur verið frá gildistöku eldri laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, þ.e. að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna, annarra en sumarmána og útihúsa í sveitum, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Í stað þess er lagt til að miðað verði við fasteignamat þeirra. Með þessu móti á að vera tryggt að fasteignaskattur reiknist af því sem næst raunvirði fasteignar. **Hefur verið bent á að núverandi fyrirkomulag feli í sér ójöfnuð gagnvart fasteignareigendum á landsbyggðinni sem oft á tíðum sé gert að greiða fasteignaskatt sem sé úr öllu samhengi við raunverulegt verðmæti fasteigna.** Fasteignareigendur í Reykjavík og á stærstum hluta höfuðborgarsvæðisins munu á hinn bóginn verða jafnsettir og áður. Tekið skal fram að breytingin sem hér er lögð til er í samræmi við nýgerða breytingu á 2. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, sbr. lög nr. 47/2000.

Ótvírætt er að mati undirritaðs að hér var um að ræða eina stærstu einstöku aðgerð í byggðamálum á árunum í kringum síðustu aldamót. Tillaga um aðgerðina kom fram í ríkisstjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem þá var við völd og naut hún mikils stuðnings sveitarfélaga, enda fól hún í sér verulega lækkun á álögum á íbúa víða um land með því að grundvöllur fasteignaskattsálagningar varð raunvirði fasteigna í stað álagningarstofns sem miðaði við virði sambærilegra fasteigna í Reykjavík. Aðgerðin var hluti af fleiri aðgerðum

markmið slíkrar jöfnunar sé að hvert einstakt sveitarfélag verði framvegis jafnsett miðað við núverandi stöðu og fyrir breytingu.

² Skýrslan frá 2010 er aðgengileg á [vef innviðaráðuneytisins](#). Þar segir m.a.: Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þeirra samninga sem ríki og sveitarfélög hafa gert sín á milli vegna breyttrar verkaskiptingar eða annarra samskiptamála sem hafa falið í sér milligönguhlutverk Jöfnunarsjóðs. Það á sérstaklega við um hlutverk hans vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitafélaga á árinu 1996 og jöfnun í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts á árinu 2001.

rikisins á þessum tíma sem ætlað var að sporna við viðvarandi fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Eins og áður segir kemur sú fullyrðing fram í skýringum með frv. til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að „*Forsendur framlagsins hafa breyst verulega síðan það var tekið upp. Upphaflegt markmið framlagsins var að sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins gætu lækkað fasteignalögur á íbúa og fyrirtæki en fyrir liggur að það er ekki raunin í dag.*“

Ef þetta er rétt fullyrðing er að mati undirritaðs eðlilegt að löggjafinn endurmeti núverandi fyrirkomulag. En nauðsynlegt er að leggja fram gögn til stuðnings svo afgerandi fullyrðingu og þar til þau liggja fyrir er eðlilegast að afgreiðslu frumvarpsins verði a.m.k. frestað.

Áhrif breytinga á íbúðaeigendur

Í umsögnum nokkurra sveitarfélaga eru sett fram dæmi um hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér ef viðkomandi sveitarfélaga missir tekjur vegna fasteignaskattsjöfnunar. Visast nánar til umsagna Suðurnesjabæjar og Bláskógabyggðar hvað þetta varðar.

Taka verður mark á umsögnum sveitarfélaganna um að það mun reynast þeim mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að hagræða í sínum rekstri eða afla nýrra tekna til þess að bregðast við stórfelldri skerðingu framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það er því eðlilegt að sveitarfélögin skoði þá leið að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts upp í leyfilegt hámark, sem skv. 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er 0,5% af fasteignamati en auk þess er heimilt að leggja á álag sem nemur allt að 25 hundraðshlutum ofan á þetta hlutfall. Hæsta mögulegt álagningarhlutfall í a-flokki er því 0,625% af fasteignamati.

Fyrir íbúðaeigendur og eigendur bújarða, hesthúsa og sumarhúsa, sem allt eru fasteignir sem falla í a-flokk 3. mgr. 3. gr., yrði slík hækkun mjög íþyngjandi eins og dæmi sveitarfélaganna sýna glögglega. Skattþíning er orð sem margir munu líklega nota um slíka hækkun. Líklegast er að sveitarstjórnarmenn muni ekki taka slíka ákvörðun nema þeir sjái engin önnur úrræði til að ná endum saman í rekstri sveitarfélagsins. Hækkun þjónustugjalda, fækkun stöðugilda og skerðing þjónustu munu því einnig koma til skoðunar.

Spurningar um jafnræði fasteignaeigenda munu vakna verði niðurstaða lögfestingar laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sú að tiltekin sveitarfélög sjá sig knúin til að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts langt umfram það sem þekkist í flestum sveitarfélögum. Eðlilegt er því að þingnefndin leiti álits á því hvort 65. gr. stjórnarskrárinnar mæli gegn slíkri lagasetningu.

Mun tekjuaukning vegna hærri fasteignaskattsálagningar nægja?

Jafnvel þótt hækkun álagningarhlutfalls í ákveðnum sveitarfélögum teldist ekki fara í bága við stjórnarskrá standa enn eftir spurningar um hvort sú tekjuaukning sem af því leiðir muni nægja til að bæta viðkomandi sveitarfélögum tekjutap sem leiðir af afnámi fasteignaskattsjöfnunar. Í umsögn Suðurnesjabæjar er bent á áhugavert atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Þar segir:

Samkvæmt því reiknilíkani sem gerð er grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu og reiknar út framlög sjóðsins, þá er hluti af því svonefnd tekjuhagkvæmnilína. Þar er fjallað um jöfnunarhlutfall (80%) sem er ein forsenda fyrir útreikningi framlaga. Ef tekið er tilbúið dæmi um að t.d. tekjur einhvers sveitarfélags af fasteignasköttum hækki um 100 mkr., þá tapar viðkomandi sveitarfélag 80 mkr. framlagi frá Jöfnunarsjóði og eftir stendur nettó tekjuaukning upp á 20 mkr.

Líkja má þessu við áhrif jaðarskatta á tekjur einstaklinga. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við þessa aðferðafræði og þessi staðreynd gæti auðveldlega dregið úr hvata til aukningar tekna. Suðurnesjabær hvetur Alþingi til þess að skoða möguleika á mildari útfærslu og miða frekar við t.d. 30% skerðingu.

Ef fyrrnefnd athugasemd er rétt túlkun á frumvarpinu kann niðurstaðan að reynast nóturleg fyrir a.m.k. ákveðinn hóp sveitarfélaga. Þau gætu tekið þá ákvörðun að auka tekjur sveitarfélaga með stórauðnum álögum á fasteignir í a-flokki. En þegar upp er staðið mun skerðing á jöfnunarframlögum sem af því leiðir leiða til þeirrar niðurstöðu að sveitarfélagið lagar stöðuna aðeins sem nemur í kringum 20% af þeim tekjumissi sem leiðir af afnámi fasteignaskattsfrumvarpsins. Ef þetta er rétt má segja að kolrangt sé gefið og að endurskoða þurfi aðferðafræði frumvarpsins.

Lokaorð

Minnisblað þetta er unnið í tengslum við rýni undirritaðs á frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þingskjal 526, 478. mál.

Að áliti undirritaðs eru veigamiklar ástæður til þess að löggjafinn vegi og meti hvort í frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sé færð fram nægilega skýr rök til þess að falla frá hugmyndafræði að baki lagabreytingum sem upphaflega voru gerðar árið 2000 og áréttaðar í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga árið 2002.

Mikilvægt er að löggjafinn kalli eftir frekari gögnum til stuðnings fullyrðingum sem fram koma í skýringum með frumvarpinu um að framlagið þjóni ekki lengur þeim markmiðum sem stefnt var að með lögfestingu þess.

Löggjafinn þarf jafnframt að meta hvort afnám framlags til jöfnunar fasteignaskattstekna sveitarfélaga geti talist brot á samningi milli ríkis og sveitarfélaga sem mögulega gæti reynt á fyrir dómstólum.

2. janúar 2024

F.h. GB Stjórnsýsluráðgjafar slf.

Guðjón Bragason